

Skútustaðahreppur
Bjarni Reykjalín,
skipulagsfulltrúi
Hlíðavegi 6
660 Mývatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. júlí 2013
Tilvísun: UST20130700090/bs

Deiliskipulag - bygging frístundahúss á jörðinni Stekkjarhóli í Reykjadal. Umsögn

Vísað er til bréfs Skútustaðahrepps dags. 12. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar með vísan til laga nr. 97/2004 þar sem fyrirhuguð bygging er á vatnasviði Mývatns og Laxár og jafnframt ákvæði 24. gr. reglugerðar um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, en samkvæmt því skal skólp á vatnasviðinu hreinsað með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa í samræmi við ákvæði 2. mgr. 7. gr. reglugerðar um fráveitur og skólp.

Ráðgert er að koma slíkum hreinsibúnaði vegna fráveitu fyrir innan lóðar.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag enda verði tryggt að hreinsibúnaður uppfylli þær kröfur sem fyrr segir.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
sérfræðingur

Sigurður Ingason
Sigurður Ingason